

Áfallaáætlun Klettaskóla 2022-2023

Tilgangurinn með áfallaáætlun Klettaskóla er að varpa ljósi á hvernig bregðast á við þegar válegir atburðir verða sem snerta nemendur og/eða starfsfólk skólans.

Áfallaáætlunin skal nýtast sem gátlisti þegar skipuleggja þarf áfallahjálp.

Hafa skal í huga að taka þarf tillit til aðstæðna hverju sinni þegar viðbrögð eru ákveðin. Mikilvægt er að starfsfólk skólans sé vel undir það búíð að takast á við þá erfiðleika sem fylgja hinum ýmsu áföllum.

Áfallaráð Klettaskóla

Í áfallaráði sitja eftirtaldir aðila:

Skólastjóri: Arnheiður Helgadóttir

Aðstoðarskólastjóri: Guðrún Gunnarsdóttir

Deildarstjórar: Ásta Ísberg og Valgerður Marinósdóttir

Félagsráðgjafi: Lísu Njálisdóttir

Hjúkrunarfræðingur: María Skaftadóttir

Prestur fatlaðra, Guðný Halldórsdóttir er áfallaráðinu innan handar í þeim tilvikum sem það á við.

Skrifstofustjóri skólans María Þ Sveinbjörnsdóttir kemur að upplýsingagjöf til áfallaráðsins.

Skólastjóri eða staðgengill hans er ábyrgur fyrir því að kalla saman áfallaráðið og skipuleggja og stýra verkferlum sem unnið er eftir.

Hlutverk áfallaráðs

Hlutverk áfallaráðs er að skipuleggja og móta skýra vinnuáætlun sem unnið er eftir þegar áfall verður, s.s. bráð veikindi, alvarleg slys, dauðsfall eða aðrir þeir atburðir sem líklegir eru til að valda áfallastreitu og/eða sorgarviðbrögðum. Þar þarf að koma fram hvernig viðbrögð eru við áfalli, hver sinnir hvaða hlutverki, í hvaða röð og hvernig framkvæmdin skuli verða. **Mikilvægt er að huga að óskum þeirra fjölskyldna sem hlut eiga að máli hverju sinni.** Við skipulag

viðbragða við áföllum og þegar veita skal áfallahjálp, er mikilvægt að hafa í huga alla einstaklinga sem koma að starfsemi skólans, s.s. nemendur, aðstandendur, kennara, stjórnendur og annað starfsfólk og að tryggja stuðning og hjálpi til þessara aðila. Mikilvægt er að kynna fyrir starfsfólki hvernig bregðast skuli við áföllum.

Fyrstu viðbrögð við áföllum tengdum Klettaskóla.

Ef upp kemur alvarlegt slys, alvarleg veikindi eða andlát ber að koma þeim upplýsingum strax til skólustjóra.

Skólustjóri kallar áfallaráðið saman sem skiptir með sér verkum og setur í gang áætlun sem fer eftir eðli áfallsins hverju sinni.

Andlát eða alvarleg slys

Vegna andláts nemanda utan skólatíma

- Skólustjóri leita staðfestingar á andláti hjá forráðamönnum nemenda
- Skólustjóri kallar áfallateymið saman, sem skiptir með sér verkum
- Andlát tilkynnt umsjónarkennurum og starfsfólki í bekk viðkomandi nemanda • Aðili úr áfallateymi ásamt umsjónakennara ræðir við bekk viðkomandi nemanda • Skólustjórnendur láti foreldra annarra nemenda í viðkomandi bekk vita • Allir starfsmenn skólans kallaðir saman á fund og þeir eru upplýstir um hvað gerst hefur og hvernig skólinn hyggst taka á málum. Farið yfir viðbrögð barna við áföllum og gagnleg ráð til að bæta líðan þeirra. (https://www.almannavarnir.is/wp-content/uploads/2016/05/fagfolk_afallastreita-salraenn-studningur-mars-07.pdf)
- Nemendum skólans sagt frá atburðinum í bekkjarstofu. Umsjónarkennarar segja nemendum í sínum bekk frá andlátinu. Mikilvægt er að þeim sé gefið tækifæri til að ræða atburðinn og líðan sína. Sjá hlekk hér að ofan
- Mikilvægt er að gæta þess að allir fái fregnirnar samtímis
- Skólustjóri tilkynnir andlátið til foreldra/forráðamanna allra nemenda skólans í tölvupósti

Andlát í skóla

- Eigi andlát sér stað á skólatíma, þarf strax að hringja á Neyðarlínuna, 112 • Andlátíð er staðfest og réttar upplýsingar um aðdraganda þess skráðar á þar til gerð eyðublöð, atvikaskráning
- Skólastjóri kallar áfallateymið saman, sem skiptir með sér verkum
- Skólastjóri/og prestur sjá um að færa aðstandendum fréttir af andlátinu • Ef nánin skyldmenni hins látna eru nemendur eða starfsmenn við skólann, þarf að gæta þess að þeir fái upplýsingar um andlátíð áður en öðrum er tilkynnt um það
- Starfsfólki skólans tilkynnt um andlátíð og réttar upplýsingar gefnar um hvernig atvikið átti sér stað. (<https://www.almannavarnir.is/wp-content/uploads/2016/05/fagfolk-afallastreita-salraenn-studningur-mars-07.pdf>)
- Umsjónarkennarar flytji nemendum fregnina
- Skólastjóri tilkynnir andlátíð til foreldra/forráðamanna allra nemenda skólans í tölvupósti • Skólastjóri sendir strax samúðarkveðjur til fjölskyldu hins látna
- Hafi fjölmiðlar samband við skólann í tengslum við andlátíð, er skólastjóri eini tengiliður skólans við þá. Allir aðrir skulu vísa á hann varðandi upplýsingar sem gefa á

Vegna andláts kennara

- Skólastjóri leita staðfestingar á andláti hjá aðstandendum
- Skólastjóri kallar áfallateymi saman, sem skiptir með sér verkum
- Ef sá látni var umsjónarkennari, er það skólastjórn og/eða aðili úr áfallateyminu sem tilkynnir nemendum í viðkomandi bekk andlátíð
- Allir starfsmenn skólans eru kallaðir á fund og þeim tilkynnt um andlátíð og skólastjóri skýrir frá því hvernig skólinn hyggst taka á málum
- Nemendum skólans sagt frá andlátinu í bekkjarstofu hvers bekkjar af umsjónakennara ásamt skólastjóra. Þeim er gefið tækifæri til að ræða atburðinn og líðan sína. (<https://www.almannavarnir.is/wp-content/uploads/2016/05/fagfolk-afallastreita-salraenn-studningur-mars-07.pdf>)
- Mikilvægt er að gæta þess að allir fái fregnir um andlátíð samtímis
- Skólastjóri tilkynnir andlátíð til foreldra/forráðamanna allra nemenda skólans í tölvupósti

Vegna andláts aðstandanda nemenda

- Skólastjóri leitar staðfestingar á andláti hjá forráðamönnum
- Skólastjóri kallar áfallateymi saman, sem skiptir með sér verkum
- Andlát tilkynnt umsjónarkennurum og starfsfólki í bekk viðkomandi nemanda •

Umsjónarkennarar tilkynna nemendum bekkjarins um andlátið að nemanda fjarstöddum • Allir kennarar skólans og aðrir starfsmenn sem tengjast þjónustu við viðkomandi bekk, látnir vita um hvað gerst hefur

- Skólastjóri og umsjónarkennari fari heim til nemanda?
- Endurkoma nemanda í bekk undirbúin. Nemendur hvattir til að umgangast viðkomandi á sem eðlilegastan hátt, sýni virðingu, tillitssemi og hlýju

Slys á nemendum í skóla

- Fyrstu viðbrögð skólans eru að tryggja öryggi allra og veita fyrstu hjálp •

Hjúkrunarfræðingur skólans skoðar áverka þess slasaða

- Þegar áverkar hafa verið kannaðir er tekin ákvörðun um hvort nemandinn sé fluttur á Hg.st Hlíðar eða á slysadeild og hvort hann þurfi sjúkrabíl
- Þegar ákvörðun hefur verið tekin er haft samband við foreldra/forráðamenn og þeim tilkynnt hvað hafi gerst og hvert farið verði með nemandann þ.e. á heilsugæslu skólans eða slysadeild
- Hjúkrunarfræðingur hefur samband við foreldra/forráðamenn ef sá slasaði þarf eftirfylgni
- Starfsmaður frá skólanum fylgir nemenda í sjúkrabíl á viðeigandi sjúkrastofunum. Jafnan er beðið um að foreldrar/forráðamenn vitji nemandans, ef aðstæður þeirra leyfa. Þegar foreldrar/forráðamenn eru komnir á staðinn getur starfsmaður skólans yfirgefið vettvang
- Nauðsynlegt að tryggja að lögreglan skrifi slysaskýrslu þegar hún mætir með

sjúkrabílnum

- Starfsmaður sem verður vitni af slysinu fyllir út viðeigandi eyðublað þar sem fram kemur hvernig slysið átti sér stað og aðstæðum lýst
- Flutningur með sjúkrabíl skal greiddur af foreldrum
- Ef meiðsli verða utan húsnæðis skólans skal fylgja eftir sömu reglum. Umsjónarkennari/starfsmaður hefur samband við skólann og biður um aðstoð við að flytja eða færa nemenda undir læknishendur
- Ef slys er alvarlegt og nemandi verður frá skóla um lengri tíma skulu skólastjórnendur ræða við bekkjarfélag og fjalla um slysið og veita þeim þær upplýsingar sem æskilegar eru
- Skólinn lætur í té alla þá aðstoð við nám nemandans sem hann hugsanlega getur veitt
- Tilkynna þarf þeim kennurum/starfsfólki sem kenna/sinna bekknum um hvað gerst hefur og hvernig skólinn hyggst taka á málinu.

Slys á nemendum utan skólatíma

Hlutverk skólans við slíkar aðstæður verður að vera í samvinnu við foreldra/forráðamenn.

Skólinn hefur samband við heimili og leitar eftir upplýsingum og getur ef óskað er flutt öðrum nemendum skólans skilaboð og upplýsingar.

Mikilvægt er að allar heimildir um atvik og líðan séu öruggar.

Skólinn lætur í té alla þá aðstoð við nám nemandans sem hann hugsanlega getur veitt. Við langvarandi fjarvistir nemanda á hann rétt á sjúkrakennslu samkvæmt reglum Skóla og frístundaráðs Reykjavíkur